

9. janúar 1987

65

Nr. 32

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir embættisverk fulltrúa í utanríkisþjónustunni.

1. gr.

Fyrir útgáfu vegabréfa og staðfestingaráritanir í sendiráðum eða ræðisskrifstofum Íslands skal greiða eftirfarandi gjöld:

	kr.
1. Fyrir útgáfu vegabréfa til handhafa á aldrinum 18—66 ára	1 100,00
2. Fyrir útgáfu vegabréfa til annarra	350,00
3. Fyrir staðfestingaráritun í vegabréf eða önnur persónuskilríki	250,00
4. Fyrir að staðfesta undirskriftir stjórnvalda og einstaklinga („legalisering“), hvert skjal	250,00

2. gr.

Upphæð gjalds skv. 1. gr. skal rituð í vegabréfið eða á skjalið. Jafnframt skal gefa út sérstaka kvittun fyrir gjaldinu og rita á hana fyrir hvað gjaldið er innheimt.

3. gr.

Gjöld þau, sem innheimt eru skv. reglugerð þessari, renna í ríkissjóð, nema þau gjöld, sem kjöræðismenn innheimta, en þau renna til þeirra sjálfra. Gjöldin ber að greiða í mynt hlutaðeigandi ríkis í samræmi við skráð gengi Seðlabanka Íslands. Við útreikninginn er heimilt að jafna upphæðina.

4. gr.

Reglugerð þessa skal prenta á íslensku og ensku og skal hún liggja frammi í íslenskum sendiráðum og ræðisskrifstofum.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 39, 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands og öðlast hún gildi hinn 1. febrúar 1987. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð um gjöld til utanríkisráðuneytisins frá 2. janúar 1986.

Utanríkisráðuneytinu, 9. janúar 1987.

Matthías Á. Mathiesen.

Ingvi S. Ingvarsson.

B 5